

L Ö G

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við störf ferðamálaráðs greiðist af fé því, sem veitt er til ferðamálasjóðs samkv. 1. mgr. 27. gr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðning starfsliðs er háð samþykki ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðist þannig:

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra, og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu.

Nú tekur ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengis-tryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. töluliður 37. gr. laga nr. 60/1957 orðist svo:

2. í læknadeild 13.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.